



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa stjórnslu og gæða

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um bækling Nordic Safe

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 14. desember 2022 var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 22. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. nóvember 2022.

Í Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022 - 2024 kemur fram að Nordic Safe Cities hafa gefið út bæklingana The Nordic Safe Cities Guide og Safe Urban Spaces. Um er að ræða upplýsingabækling um skipulag og hönnun með áherslu á fyrirbyggjandi lausnir og hvernig megi fella öryggisráðstafanir inn í umhverfið. Fram kemur að það sé á ábyrgð umhverfis og skipulagssviðs að útbúa drög að efni, svo sem stefnu, leiðbeiningar eða verklag varðandi arkitektúr og hönnun fyrir Reykjavíkurborg sem fléttar öryggissjónarmið saman við borgarskipulag. Segir jafnframt í aðgerðaráætluninni gegn ofbeldi að drögin eigi að vera tilbúin haustið 2022. Nú er haust 2022 liðið og Flokkur fólksins spyr hvar eru þessi drög?

Svar við fyrirspurn

Ákveðið var að flétta verklagi og leiðbeiningum vegna öryggissjónarmiða inn í vinnu við gerð draga að borgarhönnunarstefnu sem nú stendur yfir. Gert er ráð fyrir að öryggissjónarmið verði þar í brennidepli.

Virðingarfyllt,
Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa stjórnslu og gæða